

Þriðjudaginn 3. apríl 1979.

Nr. 128/1978. **Halldóra Sigurjónsdóttir**
 (Kristján Eiríksson hrl.)
 gegn
Bergþóru Þorsteinsdóttur
 (Hilmar Ingimundarson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1978. Hún krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, og að gerð sú, sem í málinu greinir, nái fram að ganga. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við það verður að miða, að áfrýjandi hafi keypt hund þann, er í máli þessu greinir, seint á árinu 1977 og stefnda hafi síðar fengið umráð hans. Stefnda hefur eigi sýnt fram á, að hún eigi tilkall til umráða yfir hundinum, er hrundið geti kröfu áfrýjanda til þess að fá hann afhentan sér.

Hér fyrir dómj skýrði lögmaður áfrýjanda svo frá, að talið væri, að hundurinn væri nú á ókunnum stað í Mosfellshreppi. Lögmaður stefndu kvað rétt vera, eftir því sem hann best vissi, að hundurinn væri nú í Mosfellshreppi á stað, sem sér væri ekki um kunnugt.

Stefnda er búsett í Kópavogi, og var því rétt að hefja fúgetagerðina þar í bæ. Eins og mál þetta horfir nú við, verður á því að byggja, að hundur áfrýjanda sé í Mosfellshreppi. Af þeim sökum getur fúgeti í Kópavogi ekki tekið hundinn

og afhent hann áfrýjanda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Leggja verður til grundvallar í málinu, að hund þann, sem áfrýjandi krefst, að sér verði fenginn í hendur með innsetningargerð, hafi hún keypt af Erni nokkrum Kinsky seint á árinu 1977. Voru engar bríður á þetta bormar fyrir fógetadómi. Stefnda, sem fékk hundinn síðar í hendur, hafði hann í vörslum á heimili sínu í Kópavogi, að því er ætla verður, og hafði áfrýjandi ekki ástæðu til að álíta, að á því hefði orðið breyting, er hún beiddist innsetningargerðarinnar. Nú lýsti stefnda yfir því, er málið kom fyrir fógetadóm Kópavogs, að hún hefði ráðstafað hundinum til geymslu á ótilgreindum stað í Mosfellssveit. Átti áfrýjandi þess þá kost að skora á hana að greina nánar frá verustað hundsins fyrir fógetadóminum, sbr. 37. gr. laga um aðför nr. 19/1887, sem hér á við fyrir lögjöfnun. Gat áfrýjandi að því búnu beiðst þess, að hlutaðeigandi fógeti héldi innsetningargerð áfram. Þetta gerði áfrýjandi ekki, og þar sem hundurinn var ekki lengur í lögsagnarumdæmi Kópavogs, og gerðin varð því ekki framkvæmd af fógeta þeim, sem þar hefur lögsögu, var honum rétt að synja um framkvæmd hennar. Samkvæmt þessu er ég samþykkur dómsorði meiri hluta dómenda.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 27. apríl 1978.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 19. apríl sl., er til orðið vegna beiðni Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Halldóru Sigurjónsdóttur, Barrholti 12 í Mosfellssveit, um innsetningu í poodle hund, er talinn var í vörslum Bergþóru

Þorsteinsdóttur, Grænahjalla 15 hér í bæ. Af hálfu gerðarbeiðanda er krafist sakarkostnaðar að mati fógeta.

Lögmaður gerðarþola, Guðmundur Þórðarson héraðsdómslögmaður, hefur krafist þess, að umbeðinni innsetningargerð verði synjað og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða hæfilegan málskostnað að mati fógeta. Til vara krefst hann þess, að umbjóðanda sínum verði tildæmd hæfileg þóknun fyrir umhirðu hundsins og hæfileg þóknun vegna fæðiskostnaðar auk málskostnaðar.

Málsatvikum lýsir gerðarbeiðandi svo, að umbjóðandi sinn hafi keypt fyrrnefndan hund af Erni Kinsky, Bygggarði á Sel-tjarnarnesi, um mánaðamótin október/nóvember sl., en hún síðan þurft að fara erlendis um áramót og þá komið hundinum fyrir hjá Eggert Þorsteinssyni, Þórufelli 8 í Reykjavík, en hann mun vera bróðir gerðarþola í máli þessu. Hafi Eggert síðan ráðstafað hundi þessum til gerðarþola, en hann synjað fyrir að fá gerðarbeiðanda hundinn í hendur.

Lögmaður gerðarbeiðanda hefur lagt fram greiðslukvittun Mosfellshrepps fyrir greiðslu hundaskatts fyrir árið 1978 vegna hunds nr. 66, dskj. nr. 2, og greiðslukvittun frá Erni Kinsky fyrir poodle hund, dskj. nr. 7.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að Eggert Þorsteinson, bróðir gerðarþola, hafi gefið henni umræddan hund, sem hann hafi áður fengið að gjöf frá eiginmanni gerðarbeiðanda. Hafi þessar ráðstafanir verið nauðsynlegar, þar sem hvorki Eggert né eiginmaður gerðarbeiðanda hafi verið þess umkomnir að gæta hundsins fyrir gerðarbeiðanda. Lögmaður gerðarþola hefur upplýst, að þar sem hundahald sé bannað í Kópavogi, hafi gerðarþoli ráðstafað hundinum til fósturs í Mosfellssveit. Þá hefur verið bent á af hálfu gerðarþola, að kvittanir þær, sem lagðar hafa verið fram sem dskj. nr. 2 og nr. 7, segi ekki til um það, hver sé eigandi hundsins, enda séu þær til orðnar eftir að innsetningarbeiðnin hafi verið samín.

Niðurstöður.

Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að eignarréttur hans að hundi þeim, sem beiðst er innsetningar í, sé ótvíræður. Þeirri staðhæfingu hefur eindregið verið mótmælt af hálfu gerðarþola.

Gegn mótmælum gerðarþola hefur gerðarbeiðandi ekki fært fram fullnægjandi sönnun fyrir því, að réttur hans til framan-greinds hunds sé ótvíræður. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki

fjallað um kröfu gerðarbeiðanda í fógatarétti, og nær því umbeðin gerð ekki fram að ganga.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að varakrafa gerðarþola heyrir ekki undir úrskurðarvald fógeta.

Úrskurðarorð:

Gerð þessi nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 4. apríl 1979.

Nr. 69/1979. **Ákærvaldið**
 gegn
Kára Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 2. apríl 1979, er barst Hæstarétti sama dag. Krefst verjandi hans þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur.

Eigi hefur borist greinargerð frá ríkissaksóknara.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. apríl 1979.

Ár 1979, sunnudaginn 1. apríl, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113 af Ásgeir Frið-